

Nd.

72. Frumvarp til laga

[70. mál]

um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í kjaradóm, sem skal fyrir 1. desember 1985 ákveða kaup og kjör þeirra félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands, sem starfa nú hjá Flugleiðum hf.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara flugfreyja hafa til viðmiðunar við úrskurð sinn síðastgildandi kjarasamning aðila, almennar kaup- og kjarabreytingar sem orðið hafa síðan hann tók gildi svo og breytingar á launum annarra starfsmanna Flugleiða hf.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkfall það, sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi er Flugleiðum hf. óheimilt að segja félagsmönnum þeim, sem löggin taka til, upp starfi, nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni í starfi eða þeir hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1985. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 15. desember 1985 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1985 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkissáttasemjari hefur nú um hríð fjallað um vinnudeilu milli Flugleiða hf. og Flugfreyjufélags Íslands. Hann hefur haldið nokkra árangurslausa fundi með deiluaðilum. Hefur Flugfreyjufélagið nú hafið verkfall frá og með 23. október 1985 hjá Flugleiðum hf. Jafnframt hafa verið í gangi viðræður milli Flugfreyjufélagsins og Arnarflugs hf.

Af fyrri reynslu er ljóst að stöðvun stærsta hluta farþegaflugsins veldur því að fjöldi ferðamanna þarf að breyta ferðaáætlunum sínum. Slíkt ástand leiðir einnig af sér verulega skert traust á íslensku áætlunarflugi og stefnir í voða árangri af víðtæku erlendu kynningarstarfi. Vinnustöðvun þessi teflir því mun víðtækari hagsmunum í tvísýnu en þeirra

sem í deilu eiga, þ. á m. hagsmunum allra þeirra launþega sem með einum eða öðrum hætti starfa við flug- og ferðaþjónustu hér á landi. Auk þess veldur vinnustöðvunin fjölda ferðamanna erfiðleikum og skerðir nauðsynlegar samgöngur þjóðarinnar við önnur lönd og innanlands.

Til þess að vernda hagsmuni ofangreindra aðila er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.